

VIII. KAFLI.

Sjávarútvegsdeild.

48. gr.

Kennsla og rannsóknir í greinum sjávarútvegs fara fram við sjávarútvegsdeild.

49. gr.

Til að fá inngöngu í sjávarútvegsdeild skulu nemendur hafa öðlast hið minnsta eins árs starfsreynslu í sjávarútvegi.

50. gr.

Nám í sjávarútvegsfræði er skipulagt sem fjögurra ára nám og er 120 einingar, 30 einingar á ári. Hámarksnáms tími til að ljúka prófi í sjávarútvegsfræði er sex ár. Heimilt er að veita undanþágu frá þessum tímamörkum með samþykki deildarfundar.

51. gr.

Að loknu 120 eininga námi og tilskildum prófum í sjávarútvegsdeild kallast nemandi sjávarútvegsfræðingur.

IX. KAFLI.

Gildistaka.

52. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 18/1988, um Háskólann á Akureyri, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. október 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING**um umferð á Akureyri.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Umferð um Norðurgötu, Reynivelli og Ránargötu vikur fyrir umferð um Grenivelli. (biðskylda).
2. Bifreiðastöður eru bannaðar við suðurbrún Grenivalla milli Hjalteyrargötu og Norðurgötu.
3. Tvístefnuakstur verður á Helgamagrastræti frá mótum Munkaþverárstrætis og suður fyrir innkeyrslu á lóð við Helgamagrastræti nr. 53.
4. Biðskylda á Furuvöllum við Norðurgötu fellur niður. Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 9. október 1990.

Eliás I. Eliásson.